



## Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík: Uppgjör 1940, umsóknir og greinagerðir

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík – Uppgjör  
Umsóknir – Greinagerðir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-1, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingafélag sjálfstæðra verkamanna

Reykjavík.

Yfirlit 19. mars 1940.

F é l a g a s s j ó ð u r:

Framlag 206 manna ( kr. 1030,00 að  
frádrögnum kostn. v/ félagsins  
kr. 915.35), nú að upphæð

Kr. 138,99

V a r a s j ó ð u r:

Framlag 220 manna (kr. 2200,00) nú  
að upphæð

" 2680,78

Samtals kr. 2819,77

Ef eignum fél. yrði skift nú,

gætu 220 félagsmenn fengið endur-

greitt stofngjald sitt, kr. 10,00 Kr. 2200,00

og 206 félagsmenn endurgr. kr. 3/-

af kr. 5/- er þeir greiddu í ár-

gjald

" 618,00

Samtals kr. 2818,00

Eftir " 1,77

Byggingarfélag Sjálfstæðra Verkamanna í Reykjavík.

---

Athugun sú, sem samþykkt var á síðasta stjórnarfundum að fara skyldi fram á högum meðlima félagsins, hefur leitt í ljós, að af 220 félögum eru:

húseigendur 37

eigendur íbúða í verkamanna-  
bústöðum Bygg.fél. Alþýðu 7

stofnendur í nýja bygg.fél. 27

fluttir úr bænum 7

---

Samtals 78

---

Reykjavík, 7. maí 1940.

*Ólafur Sigurðsson*

Samkvæmt skattaskrá Reykjavíkur er Byggingafélagi sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík á árinu 1940 gert að greiða í tekjuskatt kr. 168,00, auk kr. 6,72 í eignaskatt.

Þar sem félagið var með lögum frá Alþingi, gert óstarfhæft, þegar á fyrsta starfsári þess, hefir ekki verið um neina starfsemi að ræða af þess hálfu síðan, eða s.l. 6 ár.

Sjóðir félagsins voru 19. mars s.l., með vxtum og Vaxstavöxstum samtals kr. 2819,77.

Jeg verð því fyrir hönd félagsins að krefjast þess að háttvirt skattnefnd láti framangreinda skatta niður falla.

Reykjavík 11. júní 1940

F.h. Byggingafél. sjálfstæðra verkamanna

gjaldkeri

Til skattanefndar Reykjavíkur,

Nítara  
og fjárir p. þ.

Varastjórn:

Tomás Jónsson, varaaf.

Helgi Thorarensen, lögglup.

Págnæ Hjörleifsson, bankama. X

Endurskoðendur

Jóhann Møller, bokari

Guðmundur Jónsson, dekkunarm. X

Lit vara

Guðni Jónsson, magistur

Knutur Arngímsson X

Reykjavík 29. mars 1935.

Í framhaldi af viðræðum við hr. Héðinn Valdimarsson um möguleika fyrir því, að Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna í Reykjavík sameinist Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík, leyfi eg mér hér með, í samráði við stjórn Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna, að grenslast eftir hvort stjórn Byggingarfélags verkamanna vilji vinna að þessari sameiningu á þeim grundvelli. 1) að meðlimir Byggingarfélags sjálfstæðra verkamanna, þar með taldir styrktarfélagar, gangi í einu lagi inn í hitt félagið, 2) að þeir hafi forréttindi til sérbygðra húsa og trygt sé, að sérbygð hús verði byggð jöfnum höndum við önnur hús, 3) að þeir hafi tryggð þáttöku í stjórn félagsins, enda sé samið um hvernig því verði við komið, 4) að félaginu sé skift í deildir og sé sameiginleg ábyrgð takmörkuð við hverja deild, enda hafi hver deild sína sérstöku deildarstjórn. Þess skal getið, að þessi skilyrði hafa ekki verið borin undir fund í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna, en stjórn félagsins er reiðubúin að vinna að sameiningunni á grundvelli þeirra. Leyfi eg mér að vanta svars við þessari málaleitan sem fyrst og er fús til samninga um einstök atriði ef þess er óskað.

Virðingarfyllt

Til

stjórnar Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík.

**Nd. 78. Nefndarálit**

um frv. til l. um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Tveir nefndarmenn undirrita frv. með fyrirvara, vegna ákvæða þess í 4. gr. 1. málsgr., sem þeir eru mótfallnir, en að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir álitni nefndarinnar í framsögu, og er nefndin sammála um að mæla með frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kaптúnunum, enda hafi 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kaптúnunum fært atvinnumálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

2. Við 3. gr. 4. tölulið. 3. málsliður orðist svo:

En hlutaðeigandi bæjarsjóður og sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakabyrgð fyrir þeim lánunum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðunum eða kaптúninu.

3. Við 4. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:

Byggingarsjóði er þó heimilt að veita aðeins eitt lán, allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar, með fyrsta veðrétti.

4. Við 6. gr. 5. töluliður orðist svo:

Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríkið ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

5. Við 7. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna „og fyrir matvöruverzlun“ komi: fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlunir.

6. Við 8. gr. 1. málsgr.

a. 1. málsliður orðist svo:

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, valdir til 4 ára í senn. Kís Alþingi 4 þeirra með hlutfallskosningu, en atvinnumálaráðherra skipar einn, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín.

## b. 3. málsliður orðist svo:

Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, enda er einni deild sjóðsins óheimilt að lána annari nema til bráðabirgða, ef sérstaklega stendur á og gegn sérstakri tryggingu.

## 7. Við 9. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til 4 ára í senn.

## 8. Aftan við frumvarpið bætist:

## ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur skulu í fyrsta sinn kosnir á Alþingi 1934.

Alþingi, 11. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson,  
form., frsm.

Bergur Jónsson,  
fundaskr.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Thor Thors,  
með fyrirv.

Garðar Þorsteinsson,  
með fyrirv.



1934 — 22. mál.

Nd.

## 82. Breytingartillaga

við frv. til l. um verkamannabústaði.

Flm.: Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.

Við 4. gr. Fyrsta málsg. orðist svo:

Byggingarsjóður veitir lán til byggingarfélaga, sem reist eru á samvinnu-  
grundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Fundur : Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna  
: Reykjavíkur telur ákvætin: frv. ríkisatjónvarninnar til  
nýrra laga um verkamannabrotat: um, at einungis  
eitt byggingarfélag: heyrjum kaupstat eða kauphöfuð  
skuli fá lán in byggingarsjóti: vera mjög óheppileg  
og skorar eindregit á Alþingi at fella þau in frv.,  
eða, ef þessi ákvæti verða samþykkt, at bota þá vit:  
frv. ákvæðum til at tryggja öllum þeim félögum, sem  
nú eru starfandi, eða með lönnum þeirra, fullkomna og  
réttlíta hlutdeild: þeim hlunnindum, sem fást með  
lönnum in byggingarsjóti: og felur fundurinn félagstjórn  
at seta réttar félagsins at þessu luti.

## ALPÝÐUBLAÐIÐ

DAGBLAÐ OG VIKUBLAÐ

ÚTGFANDI:

ALPÝÐUFLOKKEJRN

RITSTJÓRI:

F. R. VALDEMARSSON

Ritstjórn og afgreiðsla:  
Hverfisgötu 8—10.

Simar:

4900: Afgreiðsla, auglýsingar.

4901: Ritstjórn (Inalendar-fréttir).

4902: Ritstjóri.

4903: Vilhj. S. Vilhjálmss. (heima).

4905: Prentsmiðjan

Ritstjórnin er til viðtals kl. 6—7.

## Innrætið segir til sín.

Þögn íhaldsblaðanna um fjárvikin í bönkunum og ávísanavik fjólkurfélagsins sýnir mönnum mjög ljóslega, að sá flokkur, sem nú dylur sig undir sjálfstæðisnafninu, er með nákvæmlega sama innrætinu og hefir nákvæmlega sömu menningu og íhaldið hefir alt af haft.

Það er svo með pólitísk samtök eins og menn, innrætið, hugsunarhátturinn breytist ekki, þó að nafninu sé breytt og andlitið „púðrað“.

Allir minnst þess, hvernig íhaldsblöðin og íhaldsflokkurinn létu um það leyti sem upp var að komast um sjóðpurðina í Brunabótafélaginu, meðferðina á Thorkillii-sjóði, embættisafbrot Einars M. Jónassonar, kosningasvikin í Hnífsdal og meðferð Jóhannesar fyrir bærar-fógeta á fé munaðarleysingja.

Flest þessi hneykslismál komust upp um leið og þjóðin svifti íhaldið völdum í kosningunum 1927.

Blöð íhaldsmanna og íhaldsflokkurinn, sem þá hafði enn ekki hlaupið frá hinu rétta nafni sínu, vörðu alla afbrotamennina með kjaftri og klóm, svivirtu þá, sem höfðu með rannsókn málanna að era, og réðist á þá stjórnsmálmenn, sem töldu sjálf sagt að réttvisin hefði sinn gang í þessum málum, þó að „stórir“ menn ættu í hlut.

Og nú, eftir að flokkurinn hefir tekið upp annað nafn, kemur sama innrætið í ljós.

Að gera hvorttveggja, að þegja um afbrot hinna „stóru“ í forretningslífinu, að hylma yfir með svikurum og fölsurum, að verja þá og fálta opinberar skýrslur um mál þeirra, eins og Jakob Möller hefir gert svo ápreifanlega í blaði sínu.

Slík framkoma heils stjórnsmálaflökks og blaða hans sýnir hörmulegt menningarástand, en hún sýnir enn fremur, að samabygðarfélag svindlara og æfintýramanna, sem reitir alþýðu til sjávar og sveita, ræður flokknunum og málgögnum hans.

Slíkan ósóma verður að koma í veg fyrir, hvað sem það kostar. Heill þjóðfélagsins veitur á því, að það verði gert sem allra fyrst.

\*\*

# Byggingafélögin og Jakob Möller.

Jakob Möller er hræddur þessa dagana. Nýlega hefir sannast á hann vitaverð vanræksla í starfi hans, vanræksla, sem liggur í því, að hafa tekið há laun fyrir ekkert starf. Og óánægjan með þennan kaupháa og starfslausa embættismann magnast með hverjum degi meðal allra stétta, innan allra flokka, einnig innan Sjálfstæðisflokksins. Á fundi Byggingafélags „sjálfstæðra verkamanna“ var stungið upp á honum sem endurskoðara, en uppástungan ekki tekin tilgreina — en olli endalausum hlátri fundarmanna. Svona er traustið til hans með öllu þorrið meðal eigin samherja. Hann hefir því fyllstu ástæðu til að örvænta fyrir hönd þingmannsins Jakobs Möllers; ástæður hans eru hreint ekki glæsilegar þessa stundina.

Jakob hefir valið þann kostinn að reyna að leiða athyglina frá sjálfum sér og sínum dapurlegu högum með fruntalegri árás á Byggingafélag verkamanna.

Jakob er ásamt Stefáni J. Stefánssyni og Magnúsi Sigurðssyni í stjórn Byggingasjóðs Reykjavíkur, sem er lánsstofnun sú, er veitir fé til bygginga verkamannabústaða.

Hvernig stendur á því, að hann hefir engum mótmælum hreyft gagnvart lánveitingu til verkamannabústaðanna, ef þeim er svo ábótavant, sem hann vill vera láta?

Sannleikurinn er sá, að J. M. hefir aldrei nent að skoða byggingarnar með eigin augum. Ef hann hefði manndóm í sér til þess, þá myndi hann komast að raun um:

að hvert hús hefir eigin garð, að íbúar hvers húss hafa ekkert sameiginlega til afnota innanhúss nema miðstöð, þvottahús og þurkhús,

að úr miðbænum er 10 mínútna gangur þangað vestureftir,

að „allsherjarvöllurinn“, sem hanf talar um, er einn af leikvöllum bæjarins, en engin sér-eign verkamannabústaðanna.

Fyrir nokkrum dögum síðan kom verkamaður, sem er sjálfstæðismaður, á skrifstofu Byggingafélags verkamanna. Gerðist hann þar félagsmaður. Lét þessi maður ótvírætt í ljós, að Byggingafélag „sjálfstæðra verkamanna“ væri ekkert annað en pólitísk brella af hendi Sjálfstæðisflokksins hér í bænum; það myndi að eins lifa fram að kosningunum í sumar.

En fyrst farið er að minnst á byggingar yfirleitt, hvernig stendur á því, að bygðar eru sambyggingar, en ekki sérbyggingar?

Því er auðsvarað. Sé gengið út frá því, að hús séu útbúin öllum nýtizku þægindum, þá verður sú leiðin margfalt ódýrari og að mörgu leyti heppilegri.

Enginn vafi er á því, að hægt er að koma upp þægindalausum sérbyggingum fyrir svipað verð og sambyggingarnar kosta, en mér er nær að halda, að flestir

séu þannig gerðir, að þeir vilji heldur njóta hinna sameiginlegu þæginda en sérstæðs þæginda-leysis. Markmið Byggingafélags verkamanna var í upphafi að koma upp góðum, ódýrum og heilnæmum fyrirmyndarbyggingum. Og það hefir að mestu leyti tekist. Þeir, sem eru í vafa um þetta, ættu að koma, sjá og sannfærast.

Jakob Möller hefir valið sér hið verra hlutskiftið. Hann hefir lagt út á þá braut, sem Morgunblaðið jafnvel treystir sér ekki út á, að segja ósatt um byggingar, sem liggja skamt frá miðbænum, sem hver og einn getur fengið að sjá, ef hann óskar þess, og kynnast hag félagsins í smáu og stóru.

Hvað heldur J. M. að margir sjálfstæðismenn muni strika hann út af lista flokksins í júní í sumar?

Væntanlega fjölga þeim eitt-hvað, sem ekki vilja opinbera ósannindamenn á þingi þjóðarinnar.

Verkamáður.

## Eftir slysið mikla í Noregi.

OSLO (FB.)

41 manns fórust af völdum flóðbylgjunnar í Tafjord. Í byrjun Stórpingsfundar í gær, en það er fyrsti fundur, sem haldinn hefir verið eftir páska, hélt Hambo forseti ræðu og lét í ljós hluttekningu fyrir hönd þingsins út af slysinu. Forsetar þingsins og þingmenninnir frá Mæri hafa birt ávarp til almennings um að hjálpa bágstöddum skyldmönnum þeirra sem fórust með fjárfraumlögum. Bæjarstjórnin í Oslo hefir samþykkt að leggja af mörkum 20 þúsund kr. í þessu skyni, en ríkisstjórnin — til bráðabirgða — 5000 kr. — Frá Álasundi er símað, að sveit manna undir forustu Wegener lögneglufulltrúa í Álasundi vinni að hjálpar- og endurreisnar-starfsemi í Tafjord. Um 100 manna eru í sveit þessari. Hún hefir m. a. það hlutverk með höndum að byggja nýja brú yfir fljótið, hreinsa lækjarfarvegi, áður vorleysingar byrja o. s. frv. Nýja skipabryggju verður að byggja. — Flóðbylgjunnar hafa farið yfir helming neðri Tafjordbygðar og gert feikna-usla, m. a. flutt með sér mál, sand og þang upp um alla bygð. Nefnd hefir verið skipuð til þess að meta tjónið af völdum flóðbylgjunnar.

## Jarðarför þeirra, sem fórust fór fram í fyrradag.

Í gær fór fram jarðarför allra þeirra, sem fórust við þetta ægilega slys. Jarðarförin fór mjög hátíðlega fram og við mikla og almenna samúð almennings.

## Áheit til Hallgrímskirkju

frá Kristínu Kristjánsdóttur kr. 2,00.

# Blekingar íhaldsins um Verkamanna-bústaðina

## Ihaldsfélag stofnað til að draga úr byggingum.

Eftir Héðinn Valdimarsson

Með miklu brauki og bramli hefir Jón Þorláksson og íhaldsflokkurinn í bænum gengist fyrir stofnun nýs byggingafélags, Byggingafélags „sjálfstæðra“ verkamanna! Stjórn þessa félags skipa eintómir íhaldsgæðingar og takmark félagsins á að vera samkvæmt lögunum um verkamannabústaði, sérstaklega þó að byggja „sérstæð“ (ekki sjálfstæð!) smáhús.

Hver er tilgangur íhaldsins með þessari félagsstofnun? Sjálfstæðisflokkurinn á alþingi og í bæjarstjórn Reykjavíkur barðist af öllu alefli gegn lögunum um verkamannabústaði, sem Alþýðuflokkurinn knúði fram á alþingi 1929 og notaði til þess aðstoðu sína til þáverandi Framsóknarstjórnar og Framsóknarflokks. Íhaldsmenn töldu lögin skaðleg og eyðileggjandi fyrir „frumkvæði og athafnalíf einstaklingsins“, eins og við var að búast, þar sem samtök og samvinnufélagsskapur hefir aldrei átt upp á háborðið hjá þeim flokki. Þegar Alþýðuflokkurinn hér í bænum gekst fyrir stofnun Byggingafélags verkamanna, var því félagi tekið fálega af blöðum íhaldsins og í bæjarstjórn. En nú eftir að Byggingafélag verkamanna hefir rutt brautina, bygt 54 íbúðir og er að byrja að byggja annað eins og ljúka sambyggingarhverfinu, þá tekur íhaldið sig til og stofnar annað félag til að gera betur!

Aukast byggingar verkamannabústaða við það, að félögin verða tvö? Nei, vegna þess, að fjármagnið til bygginganna vex ekki. Bæði félögin verða að taka að láni fjármagnið til bygginganna úr Byggingasjóði Reykjavíkur, ef þau eiga að geta starfað eftir lögunum um verkamannabústaði og notið hlunninda þeirra. Byggingafélag verkamanna hefir bygt og kemur til að byggja jafnóðum fyrir að lánsfé, sem fánlegt er úr Byggingarsjóði Reykjavíkur, enda var til þess ætlast í upphafi, að ekki væri nema eitt slíkt byggingafélag í hverjum bæ.

Byggingafélag „sjálfstæðra“ verkamanna (þeirra Bjarna Benediktssonar, Ólafs Sigurðssonar, Guðmundar Eiríkssonar & Co.) er þess vegna ekki stofnað til að auka byggingar í bænum, enda mundi það vera algerlega gegn stefnu leiguhús- og lóða-spekúlanta íhaldsins, sem ráða miklu í Sjálfstæðisflokknum. Það fé, sem þetta félag fengi að láni, ef það tæki nokkurn tíma til starfa, yrði eingöngu tekið frá Byggingafélagi verkamanna, sem annars myndi nota það, eins og allt lánsfé, sem fánlegt er, úr Byggingasjóði Reykjavíkur.

Er íhaldsbyggingafélagið stofnað til að fullnægja einhverri þörf um sérstakar byggingar eða byggingarlag, sem ekki er hægt að fullnægja með Byggingafélagi verkamanna? Nei, samkvæmt lögunum um verkamannabústaði

hljóta bæði félögin að starfa nákvæmlega á sama grundvelli. Bæði eru háð samabyrgð félagsmanna, bæði útheimta sömu útborgum, 15% af kostnaðarverði húsnæðis, og sæta sömu vaxta- og afborgana-kjörum, þ. e. a. s. ef byggingafélagið nýja nær staðfestingu ráðuneytisins. Í báðum tilfellum verða félögin sjálf að byggja húsin, en ekki einstaklingarnir. Húsin geta verið sambygð eða sérbygð, eftir vali félagsins, þó svo að telningar allar eru látnar í té og samþykktar af ríkisstjórninni. Íbúðir í húsunum verða að vera tveggja eða þriggja herbergja íbúðir með nútímapægindum og breytir þar engu um, hvort húsin eru sérstæð eða sambygð. Byggingarlagið hlýtur því að verða hið sama í aðalatriðum hvort félagið sem byggir.

Geta þá tekjuhærri eða efna-meiri menn verið í Byggingafélagi „sjálfstæðra“ verkamanna heldur en í Byggingafélagi verkamanna? Nei, sama hámark tekna og elgna verður að gera að skilyrði fyrir því að fá hús, 4000 kr. meðaltekjur 3ja síðustu ára að viðbættum 200 kr. á hvert barn, þó ekki yfir 5000 kr. tekjur og ekki yfir 5000 kr. eignir.

Geta menn ekki bygt sérstæð hús í Byggingafélagi verkamanna, eða hvers vegna hefir það ekki verið gert? Það er full heimild til þess eftir lögum félagsins og var hugsað um það atriði þegar í upphafi, er tekin var ákvörðun um byggingu á þeirri lóðarskák, sem fullbyggt verður á í sumar. Það, sem var látið skena úr í því efni, var, að sérstæðu húsin yrðu miklu djúprari, ef þau áttu að vera eins vel bygð og með sömu þægindum og sambyggingin. Þar sem húsnæðisekla er mikil í bænum, var einsætt að byggja þurfti sem hogkvæmast og ódýrast fyrir alþýðu manna, en þó jafnframt þannig, að byggingarnar nytu allra nútímapæginda. Það er ólíklegt, að hið nýja byggingafélag fái aðstoð Byggingasjóðs til þess eins að byggja djúpra húsnæði en það, sem Byggingafélag verkamanna gæti bygt fyrir sama fé. En auk þess eru sérstæðu húsin miklu djúprari fyrir bæjar sjóð. Þau krefjast miklu meira gættakerfis og lengri lagna í göturnar. Auk þess þurfa sérstæðu húsin eðlilega að vera UTAR í BÆNUM en sambyggingar vegna lóðaverðisins og flutninga yfirleitt. Það er því ekki svo, að Byggingafélag verkamanna geti ekki bygt sérstæð hús, heldur hefir ekki verið gripið til þess ráðs af hagkvæmnisástæðum fyrir kaupendur húsnæðis og bæjarfélagið yfirleitt.

Hvað er það þá, sem hefir vakað fyrir íhaldinu með stofnun hins nýja félags, þegar það getur ekki fullnægt húsnæðisþörf bæjarbúa á neinn hátt betur en Byggingafélag verkamanna?

Tilgangurinn er tvenns konar: Annars vegar að hafa félagið fyrir

ir kosningabeitu við í hönd faandi kosningar, löngu áður en hægt verður á nokkurn hátt að sýna í verkinu, hvort og hvern félagið starfi. Öfund íhaldsins yfir viðgangi byggingafélags þess sem Alþýðuflokkurinn stofnaði til en frjáls er aðgangur að án tillit til stjórnmalaskoðana, og viðúkenning þess, að bæjarbúar vilja hlíta leiðsögu Alþýðuflokksins um húsnæðismálin, hefir valdið því að íhaldið vill að minsta kost þykjast ætla að gera eitthvað fyrir kosningar. En jafnframt er tilgangurinn sá, að draga úr aukningu húsnæðis í bænum, því að Byggingafélag verkamanna mun annars sjá um að sem mest húsnæði kæmist upp fyrir láns Byggingasjóðs. Þessum tilgangi vill íhaldsfélagið ná með því að keppa við Byggingafélag verkamanna um lánsféð, og byggja dýrari, sérstæð hús eingöngu. Þetta er í samræmi við vilja húsnæðisspekúlanta íhaldsins, því að á þenna hátt gæti íhaldsfélaginu tekist að einhverju leyti að hindra lækun húsnæðis í bænum, sem Byggingafélag verkamanna vinnur af alefli að með byggingum sínum.

Nú er það að visu svo, að þetta nýja félag á langt í land með að fá nokkurt lánsfé, ef það þá lifir, nema rétt fram yfir kosningarnar. Byggingafélag verkamanna hefir fengið loford fyrir því fé, sem falt verður úr Byggingasjóði fyrst um sinn, 400 þús. kr. og að sjálfsgöðu ætti einnig að láta það ganga fyrir framvegis, ef það byggi eins góðar og ódýrar íbúðir og hægt væri og hefði fjölda meðlima, sem hafa bæði frá stofnun félagsins eftir því að meira fé fengist til bygginga.

En alþýða manna á samt að athuga vandlega lævisi og undirferli íhaldsins í þessum húsnæðismálum og ekki gerast til þess að hjálpa íhaldinu með félag, sem eingöngu er stofnað í pólitískum tilgangi, til þess að smala fátæðum alþýðukjösendum inn í kosningafærivíar íhaldsins og til þess að gera eða tefja á einu skipulegu árás, sem gerð hefir verið á húsnæðisokrið í bænum og sem Alþýðuflokkurinn hefir barist fyrir og staðið fyrir með Byggingafélagi verkamanna.

Alþýða manna hlýtur því eingöngu að fylgja sínu félagi, þar sem hún ræður fyrirkomulagi og stjórn en vantreystir forustu íhaldsspekúlantanna um þessi mál og þeirra manna, sem reknir eru saman á fund til þess að kjósa þá í stjórn án atkvæðagreiðslu og fela íhaldinu forsjá húsnæðismálanna, með alla reynslu þeirra mála að baki.

Héðinn Valdimarsson.

### Meyjaskemman.

Vegna anna Hljómsveitar Reykjavíkur verður Meyjaskemman að eins leikin fá kvöld enn. Vegna áskorana fjölda manns, einkum námsfólks, verða um 60 sæti seld fyrir lækkað verð (2 krónur sætið og 1,50 stæði) á þær sýningar, sem eftir eru.